



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma). (Þingskjal 184 — 181. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa að nýju fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það. Þessi umsögn er samhljóða fyrri umsögn.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi þar sem lagt er til að hin almenna vinnuvika styttist um 5 klukkustundir, úr 40 í 35.

Barnaheill telja þetta geta verið heillaskref fyrir börn á Íslandi því stytting vinnutíma getur haft í för með sér aukna samveru foreldra með börnum sínum og jafnframt minna álag og minni streitu hjá foreldrum sem vonandi hefur góð áhrif á líf og uppeldisskilyrði barna til batnaðar. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er góð forvörn gegn ýmsum áhættuþáttum barna og unglinga. Með færri vinnustundum gefst foreldrum aukinn tími og færi á samtali og stuðningi við börnin sín.

Í frumvarpinu er ekki að finna umfjöllun um áhrif breytinganna á börnin í samfélaginu, en að mati Barnaheilla er mikilvægt að meta áhrif ákvarðana á börn áður en þær eru teknar, en allar ákvarðanir sem varða börn ber að taka með það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Að mati samtakanna þyrfti í öllum tilvikum að gera grein fyrir áhrifum á börn almennt við lagasetningu. Afar áhugavert væri að fá umræðu um það hver möguleg áhrif stytting vinnutíma hefði á börn samfélagsins.

Barnaheill minna á að samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt til bestu mögulegu lífsskilyrða og verður að telja að markmið frumvarpsins, að auka markvisst framleiðni og lífsgæði launþega á Íslandi, hljóti að leiða til þess að lífsgæði barna batni að sama skapi.

Geðheilbrigðismál barna hafa verið ofarlega í umræðunni undanfarin misseri og viðurkennt er að mikilvægt er að bæta verulega þjónustu við börn í slíkum vanda. Breyting sú sem hér er lögð til hlýtur að mati samtakanna að styðja fjölskyldur barna sem eiga við slíkan vanda að etja, því færri vinnustundir geta leitt til minni streitu í lífi fjölskyldna. En streita og tímaskortur eiga samkvæmt rannsóknum þátt í kvíða barna og öðrum geðrænum vanda sem börn takast á við.

Ef foreldrum verður gert kleift að vinna styttri vinnuviku á sömu launum ætti það að leiða til aukinnar samveru fjölskyldna og vonandi betri líðanar barna. Að mati Barnaheilla er mikilvægt að atvinnulífið styðji við hugmyndir um barnvænna samfélag og aukinn sveigjanleika fyrir fjölskyldur í landinu. Slíkt getur verið sterk forvörn og fjárfesting til framtíðar.



Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög, öllum börnum á Íslandi til heilla.